

GJALDSKRÁ**fyrir leiðsögu við Ísland.**

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögu skips er miðað við brúttórúmlestarstærð þess, og þá vegalengd sem það siglir, samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt eftirfarandi:

	Kr.
Fyrir skip allt að 500 br.rml.	300
Fyrir skip frá 501 til 1.000 br.rml.	315
Fyrir skip frá 1.001 til 1.500 br.rml.	335
Fyrir skip frá 1.501 til 2.000 br.rml.	355
Fyrir skip frá 2.001 til 3.000 br.rml.	375
Fyrir skip frá 3.001 til 4.000 br.rml.	400
Fyrir skip frá 4.001 til 5.000 br.rml.	430
Fyrir skip frá 5.001 til 10.000 br.rml.	460
Fyrir skip frá 10.001 til 15.000 br.rml.	490
Fyrir skip frá 15.001 til 20.000 br.rml.	520
Fyrir skip frá 20.001 til 30.000 br.rml.	555
Fyrir skip frá 30.001 og þar yfir	600
Greiðsla fyrir hverja sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áðurnefndar 10 sjómílu skal vera:	

	Kr.
Fyrir skip allt að 500 br.rml.	65
Fyrir skip frá 501 til 5.000 br.rml.	77
Fyrir skip frá 5.001 til 10.000 br.rml.	90
Fyrir skip frá 10.001 og þar yfir	105
Minnsta leiðsögugjald skal vera kr. 2 600,00.	

Leggi leiðsögumaður skipi að bryggju eða frá, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 760,00 fyrir skip allt að 500 br.rml. og kr. 80,00 fyrir hverjar 100 br. rúmllestir skipsins þar fram yfir.

2. gr.

Fari viðstaða skipsins í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst., á hverjum stað. Skulu biðpeningar greiddast með kr. 342,00 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmann.

3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlislegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands auk ferðakostnaðar í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skips eftir ákveðinn komu- eða brottfaratíma þess. Skal þá á sama hátt greitt með kr. 342,00 pr. klst., þó aldrei meir en 8 klst. á sama sólarhring (frá 00⁰⁰-24⁰⁰).

4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu 1. október til 31. mars og skal hún vera 1/3 hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland nr. 388, 12. ágúst 1986.

Samgönguráðuneytið, 15. júní 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 313

1. júlí 1987

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 513 23. desember 1986,
um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.**

1. gr.

- 11., 12. og 13. tl. 1. gr. orðist svo:
- | | |
|--|---------------|
| 11. Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað | kr. 15 000,00 |
| 12. Leyfi fyrir gistiheimili, veitingastofuleyfi, greiðasöluleyfi | kr. 7 500,00 |
| 13. Leyfi til að selja gistingu á einkaheimilum, gistiskálaleyfi, veislu-
þjónustuleyfi, veitingaverslunarleyfi | kr. 5 200,00 |

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. júlí 1987.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

Nr. 314

30. júní 1987

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Vestur-Ísafjarðarsýslu um manntalsþing í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, frá 15. júní 1987 varðandi tillögu yðar samkvæmt samþykkt sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu um manntalsþing í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Með vísun til 38. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 1936, sbr. 10. gr. laga nr. 28 1981, samþykkir ráðuneytið hér með, að haldið verði eitt manntalsþing í Vestur-Ísafjarðarsýslu.